

að veita vatninu úr vatnsfarvegi áveitufélagsins inn á land búanda eða til að minnka eða stöðva það rennsli. 175  
22. nóv.

## 12. gr.

Umsjónarmaður annast viðhald áveitunnar þannig, að hann lætur svo fljótt sem við verður komið gera við allar smærri bilanir og þær bilanir, sem að hans áliti ekki þola bið, en til meiri háttar aðgerðar skal hann leita samþykkis félagsstjórnarinnar, ef tími vinnst til.

## 13. gr.

Rísi ágreiningur í félagsmálum innan félags eða utan, skal úr honum skorið með gerðardómi. Gerðardómur skal skipaður þrem mönnum. Skulu sakaraðilar tilnefna hvor sinn mann, en oddamaður skal skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

## 14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 200—2000 kr., ef ekki liggur þyngrri hegning við að lögum. Sektir renna í sjóð félagsins.

## 15. gr.

Samþykkt þessari má breyta á lögætum aðalfundi, ef  $\frac{4}{5}$  allra félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

## 16. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefur sett sér, eða þeir örðugleikar reynast á, að ókleift þyki að halda félagsskapnum áfram, enda sé það samþykkt á lögætum aðalfundi og  $\frac{4}{5}$  greiddra atkvæða séu með því, og samþykki stjórnarráðs fáið til félagsslita.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er samþykkt fyrir framræslu- og áveitufélag Ölfusinga nr. 62 3. maí 1939 úr gildi felld.

*Landbúnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1958.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## A R Ð S K R Á

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

Jarðir	Einingar
Litli Ós .....	60
Stóri Ós .....	184
Saurar .....	34
Ytri-Reykir .....	33
Syðri-Reykir .....	33
Efri-Torfustaðir .....	13
Neðri-Torfustaðir .....	20
Urriðaá .....	6

	Jarðir	Einingar
Bjarg .....		61
Bjargshóll .....		12
Uppsalar .....		14
Litli-Bakki .....		12
Barkarstaðir og Sel .....		30
Skárastaðir .....		11
Núpsdalstunga .....		50
Efri-Núpur .....		22
Þverá .....		6
Fosskot .....		6
Neðri-Núpur (syðri) .....		6
Neðri-Núpur (ytri) .....		18
Torfastaðir .....		6
Haugur .....		11
Litli-Hvammur .....		15
Litla-Tunga .....		81
Giljaland .....		7
Skeggjastaðir .....		15
Dalgeirsstaðir .....		12
Lækjarbær .....		4
Afréttarlandið Húksheiði .....		1
Húkur .....		15
Kollufoss .....		16
Huppahlíð .....		20
Brekkulækur .....		151
Króksstaðir .....		55
Staðarbakki .....		47
Melstaður .....		50
Barð .....		50
Sandar .....		75

---

Samtals 1262

Arðskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin arðskrá nr. 136 16. júlí 1951.

*Landbúnaðarráðuneytið, 25. nóvember 1958.*

**Hermann Jónasson.**

---

*Þorv. K. Þorsteinsson.*